

Morgunblaðið

MÁNUDAGUR 2. FEBRÚAR 2015

• Stofnað 1913 • 27. tölublað • 103. árgangur •



GILDI HREYFINGAR Í BARÁTTU VIÐ ÝMSA SJÚKDÓMA

HREYFISEDLAR 10



NÆR ÖLD FRÁ ÞJÓÐARMORÐI Á ARMENUM

TÍMAMÓT 26

AÐEINS ÍSLAND NÁÐI STIGI Á MÓTI FRAKKLANDI Í KATAR

HEIMSMEISTARAR Í 5. SINN ÍÞRÓTTIR



Morgunblaðið/Eggert

Týndur Það er gott að búa yfir góðu korti.

Kortagrunnur Loftmynda nákvæmari en Landmælinga

■ Kortagrunnur Loftmynda ehf., sem nú þekur allt Ísland, er 10 til 25 sinnum nákvæmari en kort Landmælinga Íslands. Er hann í mælikvarðanum 1:2.000 til 1:5.000 en kort Landmælinga af landinu eru í mælikvarðanum 1:50.000. Þetta segir Karl Arnar Arnarson, framkvæmdastjóri Loftmynda, í samtali við Morgunblaðið. Veltir hann einnig upp þeirri spurningu af hverju íslenska ríkið nýti sér ekki kortagrunn annarra í stað þess að viðhalda ónákvæmum kortum.

Karl Arnar segir fyrirtæki sitt nú reiðubúið til samninga við íslenska ríkið um að gera kortagrunn sinn, í mælikvarðanum 1:5.000, aðgengilegan fyrir bæði almenning og fyrirtæki í landinu. Forstjóri Landmælinga segist ekki útiloka viðskipti við einkaaðila. »4

Viðskiptahugmynd sem bætir heiminn



Kormákur Arthursson

■ Ungir athafnamenn, nýútskrifaðir úr framhaldsskóla, eru í óðaönn að koma Krummispice á laggirnar; alþjóðlegu fyrirtæki sem selur indverskt krydd og veitir fórnarlömbum sýruárása vinnu. Er um að ræða hóp í indversku samfélagi sem upplifir fordóma og útskýfing í atvinnulífnum og sér oft fáar leiðir færar til að sjá sér farborða. »14

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, setti séra Þórhildi Ólafs inn í embætti prófests í gær



Morgunblaðið/Kristinn

Fyrsti kvenprófastur Kjálarnessprófastsdæmis

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, setti séra Þórhildi Ólafs, nýskipaðan prófast Kjálarnessprófastsdæmis, inn í embætti síðdegis í gær. Athöfnin fór fram að viðstöddu fjölmenni í Hafnarfjarðarkirkju þar sem séra Þórhildur er prestur. Þórhildur er fyrsta konan sem gegnir embætti prófests í Kjálarnessprófastsdæmi. Það er þriðja stærsta prófastsdæmi landsins á eftir

Reykjavkurprófastsdæmunum tveimur. Kjálarnessprófastsdæmi nær yfir Kjós og Kjálarnes, Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð og öll Suðurnesin. »6

„Allt á eftir að loga hérna“

● Formaður Sjúkraliðafélagsins telur líkur á átökum á vinnumarkaði ● Forseti ASÍ segir það vera í höndum ríkisstjórnarinnar hvort hér næst þjóðarsátt

Guðni Einarsson Benedikta Br. Alexandersdóttir

Ekki verður af boðuðu verkfalli félaga í Sjúkraliðafélagi Íslands (SLFÍ) sem hefjast átti hjá Múlabæ/Hlíðabæ á morgun. Samningar náðust í síðustu viku en þeir gíldu til 30. apríl nk. líkt og aðrir samningar sjúkraliða.

„Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en ég efast um að samningar náist fyrir enda apríl.

Ég er sannfærð um að það á allt eftir að loga hérna miðað við hljóðið í atvinnurekendum,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ.

„Það er augljóst að þeir sem sömdu fyrst í fyrra á grundvelli stöðugleika telja sig eiga inni leiðréttingu gagnvart því sem síðar gerðist,“ sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann sagði það vera fyrst og fremst í höndum ríkisstjórnarinnar að búa svo um hnút-

Vinnumarkaður

» Sjúkraliðar telja sig hafa setið eftir miðað við samninga sem gerðir voru við kennara, lækna o.fl.

» Forseti ASÍ segir ljóst að þeir sem sömdu fyrst í fyrra á grundvelli stöðugleika telji sig eiga inni leiðréttingu.

ana að þjóðarsátt gæti skapast. Gylfi nefndi í því sambandi skattkerfið, velferðarkerfið, bæði hús-næðismál og heilbrigðismál, og eins menntakerfið.

Þá sagði Gylfi að til þess að hægt yrði að gera almenna kjarasamninga hér þannig að þeir stæðust samanburð við kjarasamninga launafólks annars staðar á Norðurlöndum þyrfti æði margt að gerast á vettvangi stjórnmálanna og eins atvinnulífsins. »2 og 4

Óróleg og vansvefta börn

● Einkenni kæfisvefns hjá börnum geta verið svipuð ADHD

Anna Lilja Þórisdóttir annalilja@mbl.is

Einkenni kæfisvefns eru önnur hjá börnum en fullorðnum, en um 4% íslenskra barna eru með kæfisvefn að sögn Michaels Clausens barnalæknis sem vinnur m.a. við svefnrannsóknir á vegum Hins íslenska svefnrannsóknarfélag. Þeim börnum sem koma til rannsóknar hjá félaginu fjölgar ár frá ári.

Ómeðhöndlaður kæfisvefn getur leitt til ýmissa sjúkdóma hjá börn-

um, rétt eins og hjá fullorðnum, eins og t.d. sykursýki 2 og sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi, en að auki getur hann valdið hegðunvandamálum sem geta haft svipuð einkenni og ADHD, vandamálum á borð við óróleika og einbeitingarskort, sem geta svo leitt til námserfiðleika. „Ef ástandið er meðhöndlað rétt ganga einkennin til baka,“ segir Michael.

Hann segir algengt að kæfisvefn sé tengdur við fullorðið fólk, síður við börn. Því átti foreldrar sig ekki alltaf á því hvað sé á ferðinni. »6



Morgunblaðið/PÓK

Í skóla Börn með kæfisvefn geta átt erfitt með að einbeita sér að námi.

Fjölgun í „kokkaskól- anum“ í Kópavogi

Gróskan í ferðaþjónustunni hefur orðið til þess að auka aðsókn í nám á hótél- og matvælasviði Menntaskólans í Kópavogi, „kokkaskól- ann“ svokallaða. Þar eru nú 300 nemendur. Að auki eru um 250 nemendur á ferðamálasviði skólans. Þetta kemur fram í umfjöllun um Kópavog í greinaflokknum Heimsókn á höfuðborgarsvæðið í blaðinu í dag.

Í heimsókn dagsins er einnig staldrað við í Kópavogskirkju og rætt við séra Sigurð Arnarson, for-



Morgunblaðið/Þórður

Nám Aðsókn í nám á hótél- og matvælasviði MK hefur aukist talsvert.

vitnast er um Yndisgarðinn í Foss- vogi og leitað fregna af starfi Mark- adsstofunnar í bænum. »12-13

„Hver man eftir Arm

● Hundrað ár verða í vor liðin frá þjóðarmorðinu á Armenum ● Tyrkir neita enn að viðurkenna atburðina

VIÐTAL

Stefán Gunnar Sveinsson
sgs@mbl.is



Hinn 24. apríl næstkomandi verður þess minnst að hundrað ár verða þá liðin frá upphafi þeirra atburða sem nefndir hafa verið þjóðarmorðið á Armenum. Af því tilefni komu hingað til landsins tveir sagnfræðingar frá Háskólanum í Yerevan, höfuðborg Armeníu, þeir Narek Mkrtchyan og Tigran Yepremyan og fluttu fyrirlestra á vegum Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands hinn 23. janúar síðastliðinn um atburðina 1915 og afleiðingar þeirra.

„Við ákváðum að koma hingað til Íslands, því að armenskir fræðimenn, stjórnmalámennt og áhrifamenn í menningarheiminum vilja nota þessi tímamót til þess að vekja athygli á því sem gerðist um allan heim,“ segir Mkrtchyan, en hann leggur áherslu á að umfjöllun um atburðina 1915 geti ekki bara snúid að því sem kom fyrir armensku þjóðina, heldur skipti það alla heimsbyggðina máli að rétt sé greint frá þessum atburðum.

„Þetta var ekki bara brot gegn Armenum, heldur var þetta glæpur gegn öllu mannkyni. Svo lengi sem hann nær fram að ganga án þess að nokkur verði dreginn til ábyrgðar, mun heimsbyggðin þurfa að óttast að svipaðir atburðir geti komið fyrir á ný,“ segir Narek.

„Veiki maðurinn“ leysist upp

Eftir því sem leið á 19. öldina varð hið forna veldi Ottómána, sem eitt sinn náði yfir Balkanskaga og mestöll Mið-Austurlönd, sífellt veikara, svo mjög að ríkið varð þekkt sem „hinn veiki maður Evrópu“. Á þeim tíma bjó stór hluti Armena í austurhluta Anatólíu, sem í dag tilheyrir Tyrklandi. Armenski minnihlutinn var hins vegar ofsóttur reglulega ásamt öðrum kristnum mönnum og jukust þær ofsóknir eftir því sem tyrknesk þjóðernishygga fór vaxandi.

Árið 1894 gerðu Armenar uppreisn gegn yfirráðum Tyrkja, sem var barin niður með mikilli hörku. Þegar Tyrkir urðu þátttakendur í fyrri heimsstyrjöld sáu stjórnvöld í Ottómanaveldinu sér færi á að nýta sér upplausnina og fyrirskipuðu að óæskilegir íbúar Anatólíuhéraðs yrðu fluttir á brott með valdi suður til þeirra svæða sem í dag eru

þekkt sem Sýrland, Líbanon og Irak.

Auk þess sem margir dóu vegna erfiðra aðstæðna á „dauðagöngunni“ beittu tyrkneskar hersveitir fórnarlömbin skipulegu ofbeldi, gripdeildum og nauðgunum. Ekki verður vitað með fullri vissu hversu margir týndu lífi, en talið er að tala þeirra sé einhvers staðar á milli 600.000 og upp í 1.500.000 manna. Aðspurður hallast Narek að efri tölunni, sér í lagi ef miðað er við tímabilið frá 1915 þegar þjóðarmorðin hófust til ársins 1923, þegar Tyrkland var formlega stofnað sem ríki, en ofsóknirnar stóðu allan þann tíma. „Til að setja þá tölu í samhengi bjó 2,1 milljón Armena innan Ottómanaveldisins áður en þjóðarmorðið hófst. Að auki var um milljón manns gert að yfirgefa heimili sín og flýja land.“

Armenar fjölmennir erlendis

Þar kemur Narek að þeirri afleiðingu þjóðarmorðsins sem er mest áberandi í dag, þeim gríðarmikla fjölda Armena sem búi utan Armeníu víðs vegar um heiminn. Talið er að um ellefu milljónir Armena séu nú uppi. Þar af búa um átta milljónir utan Armeníu.

Þeir dreifast víða um heiminn. Í Bandaríkjunum býr til dæmis um ein og hálf milljón Armena, auk þess sem stórir hópar finnast í flestum ríkjum Vestur-Evrópu. Flest þau samfélög urðu til í kjölfar atburðanna fyrir einni öld. Þá eru um það bil tvær milljónir sem búa í Rússlandi, en þó nokkur hluti þeirrar tölu útskýrist frekar af þeirri staðreynd að Armenía tilheyrði Sovétríkjunum á sínum tíma.

Narek tekur fram að fyrir 1915 hafi margir Armenar vissulega búið utan Armeníu, því að landið hafi verið tengt vestrænni menningu um langa hríð. „Landið tilheyrði Rómaveldi og byggði á grískri menningu. Þá má nefna að eitt konungsríki Armena í Silísíu var bæki-stöð fyrir krossfarana á sínum tíma.“ Í kjölfar þjóðarmorðsins hafi fjöldi Armena utan heimalandsins hins vegar margfaldast.

Tyrkir vísa frá sér sök

„Tyrkir halda enn áfram að afneita því að um þjóðarmorð hafi verið að ræða. Þeir segja að það sem hafi gerst geti ekki fallið undir



Fjöldagröf í Tyrklandi Talið er að allt að ein og hálf milljón manna hafi látist í þjóðarmorðinu á Armenum, en hundrað ár

þjóðarmorð, heldur hafi það verið hluti af borgarastyrjöld og róstum vegna fyrri heimsstyrjaldar og að bæði Armenar og Tyrkir hafi fallið þar,“ segir Narek, sem gefur lítið fyrir þær útskýringar. „Fjöldi Þjóðverja dó í síðari heimsstyrjöld, en enginn getur sagt að Helförin hafi ekki verið þjóðarmorð vegna þessa.“

Hann bætir við að Tyrkir haldi því einnig fram að það sem hafi gerst hafi ekki verið skipulagt af stjórnvöldum í Ottómanaveldinu, heldur hafi Armenar valið að flýja land í þann mund sem Tyrkland var að verða til.

Narek segir að innan Armeníu hafi pólitísk umræða um atburðina 1915 breyst fyrir um fimm árum frá því að vilja knýja á um viðurkenningu Tyrkja á þætti sínum og yfir í það að vilja fá bætur fyrir. Það megi rekja til nágrannastefnu Evrópusambandsins, sem Armenía hefur tekið þátt í frá upphafi. „Eitt af markmiðum nágrannastefnunnar er að draga úr deilumálum milli ríkja, og í október 2009 var rætt um að Armenía og Tyrkland



Minnismerkið 23 þjóðir hafa viðurkennt atburðina 1915 sem þjóðarmorð, þar á meðal Frakkar. Hér sést Francois Hollande Frakklandsforseti við minnismerkið um þjóðarmorðið í Yerevan, höfuðborg Armeníu.

myndu undirrita samkomulag um bætt samskipti og opna landamærin á milli ríkjanna. Það varð af undirrituninni, en Tyrkir neituðu að staðfesta hana, og eru landamærin því enn lokað.

22 fullvalda ríki hafa nú viður-

kennt atburðina 1915 sem þjóðarmorð, auk þess sem ýmis alþjóðasamtök hafa gert hið sama. Narek nefnir þar Evrópuráðið, Heimsráð kirkna og Evrópuþingið. Þá má geta þess að alþjóðleg samtök fræðimanna sem sérhæfa sig í

Ekkert bensín, takk.

Þann 20. febrúar kemst einn heppinn áskrifandi Morgunblaðsins í samband við Volkswagen e-Golf.

enunnum? “



AFP

verða í apríl liðin frá upphafi þess.

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM ÞJÓÐARMORÐIÐ

Viðurkenningin skiptir máli

Margrét Tryggvadóttir, þáverandi þingmaður Hreyfingarinnar, lagði tvisvar á síðasta kjörtímabili fram þingsályktunartillögu um að íslenska ríkið bættist í hóp þeirra sem viðurkenndu atburðina 1915 sem þjóðarmorð, fyrst árið 2011 og síðan árið 2012.

Margrét segir áhuga sinn á málinu hafa kviknað eftir að vin-kona hennar, sem gift er armönskum manni, hafi bent henni á þetta. „Ég fór að skoða þetta, og þá hafði Evrópusambandið lagt fram ályktun um málið.“ Hún segir að Árni Þór Sigurðsson, þáverandi formaður utanríkismálanefndar, hafi tekið mjög vel í málið og haft töluverðan áhuga á því, en tillagan náði í gegnum fyrri umræðu árið 2012 og dagaði uppi í nefndinni.

„Þegar ég lagði þetta fram fyrst helltist yfir mig póstur úr ýmsum áttum, þar á meðal frá tyrkneska sendiráðinu, þar sem þessu var mótmælt sem lygi.“ Segir Margrét bréfið hafa verið um 20 blaðsíður að lengd, en að frátalinni forsíðunni með nafni hennar á hafi það verið ljósritað. „Ég var því greinilega ekki fyrsti þingmaðurinn sem hafði fengið þetta bréf sent.“ Hún tekur fram að hún hafi einnig fengið nokkra stuðningspósta, einkum frá Armenum búsettum hér.

Hún segir það geta skipt hópa sem verða fyrir ofbeldi af þessu tagi miklu máli að fá viðurkenningu á ofbeldinu, og vísar þar til helfarar nasista í síðari heimsstyrjöld þar sem margir hópar fólks, sem urðu fyrir bardinu á henni, hafi þurft að berjast fyrir viðurkenningu á þeim glæpum sem framdir voru. „Þetta mál hefur fallið í nokkra gleymsku, og því skiptir það máli að geta sagt: já, þetta gerðist,“ segir Margrét.

Hún segir að það sé full ástæða til þess, nú þegar styttest í að öld verði liðin frá þjóðarmorðinu, að Íslendingar noti þau tímamót til að þess að viðurkenna það. „Það væri vel til fundið.“

laga á þinginu um viðurkenningu, en ég veit ekki hver niðurstaðan var. Hins vegar mun fræðileg umræða hvetja þessa þróun áfram.“

Armenum var gleymt

Aðspurður hvaða lærdóm sé hægt að draga af þjóðarmorðunum segir Narek að það sé nauðsynlegt að geta borið kennsl á slíka glæpi þegar þeir séu að gerast og grípa inn í. „Eitt af því sem gerir þjóðarmorð möguleg er þegar önnur ríki sitja hjá og sýna tómlæti.“

Vísar hann til þess að bæði Adolf Hitler og Benito Mussolini hafi vísað til armenska þjóðarmorðsins með kaldlyndum hætti. „Þegar Hitler var að ræða við æðstu herforingja sína í ágúst 1939 um væntanlega styrjöld við Pólverja réttlætti hann yfirvofandi útrýmingarherferð sína með spurningunni: „Hver man eftir Armenunum?“ Mussolini sagði sömuleiðis að hann myndi efna til blóðbaðs eins og Tyrkirnir hefðu gert. Í báðum þessum tilfellum vísuðu þeir til þess hvernig alþjóðasamfélagið hafði gleymt Armenum.“



Dauðaganga Hér sést hópur Armena vera rekinn frá borginni Kharpert í Tyrklandi áleiðis til búða í Sýrlandi. Fjölmargir dóu á leiðinni.

rannsóknunum á þjóðarmorðum lýstu því sérstaklega yfir árið 1997 að atburðirnir 1915 féllu undir skilgreininguna á slíkum glæpum, og for-dæmdu ríkisstjórn Tyrklands fyrir afneitan sína á því. Að auki má nefna að 43 af 50 ríkjum Bandarík-

anna hafa viðurkennt þjóðarmorðið.

En hvaða máli skiptir slík viðurkenning? „Þetta snýst ekki bara um viðurkenningu, heldur um það að horfa til framtíðar. Ég veit til dæmis að hér á landi kom fram til-

BORGARLEIKHÚSIÐ
Dúkkheimili - ★★★★★, S.B.H. Mbl.

Lína langsokkur (Stóra sviðið)		
Lau 7/2 kl. 13:00	Sun 22/2 kl. 13:00	Sun 15/3 kl. 13:00
Sun 8/2 kl. 13:00	Lau 28/2 kl. 13:00 Táknnmálist.	Lau 21/3 kl. 13:00
Lau 14/2 kl. 13:00	Sun 1/3 kl. 13:00	Sun 22/3 kl. 13:00
Sun 15/2 kl. 13:00	Sun 8/3 kl. 13:00	Lau 28/3 kl. 13:00
Lau 21/2 kl. 13:00	Lau 14/3 kl. 13:00	Sun 29/3 kl. 13:00
Táknnmálistúlkun sýning 28.febrúar kl 13		
Dúkkheimili (Stóra sviðið)		
Fim 5/2 kl. 20:00	Sun 8/2 kl. 20:00	Sun 22/2 kl. 20:00
Fös 6/2 kl. 20:00	Sun 15/2 kl. 20:00	
Aðeins sýnt út febrúar		
Kenneth Máni (Litla sviðið)		
Lau 7/2 kl. 20:00	Fös 20/2 kl. 20:00	Lau 28/2 kl. 20:00
Sun 8/2 kl. 20:00	Lau 21/2 kl. 20:00	
Fös 13/2 kl. 20:00	Fös 27/2 kl. 20:00	
Stærsti smáglæpamaður Íslands stælur sennuni		
Öldin okkar (Nýja sviðið)		
Lau 7/2 kl. 20:00	Lau 14/2 kl. 20:00	Lau 21/2 kl. 20:00
Sun 8/2 kl. 20:00	Fös 20/2 kl. 20:00	Fös 27/2 kl. 20:00
5 stjórn sýning að mati gagnrýnanda		
Beint í æð (Stóra sviðið)		
Lau 7/2 kl. 20:00	Lau 14/2 kl. 20:00	Lau 21/2 kl. 20:00
Fös 13/2 kl. 20:00	Fös 20/2 kl. 20:00	Fös 27/2 kl. 20:00
Sprenghæglegur farsí		
Bláskjár (Litla sviðið)		
Þri 3/2 kl. 20:00	Mið 4/2 kl. 20:00	
Fyrsta verðlaunaleikritið sem gerist í Kópavogi		
Ekki hætta að anda (Litla sviðið)		
Fim 5/2 kl. 20:00 8.k.	Fim 12/2 kl. 20:00 10.k	Mið 18/2 kl. 20:00 12.k
Fös 6/2 kl. 20:00 9.k	Lau 14/2 kl. 20:00 Aukás.	Fim 19/2 kl. 20:00
Mið 11/2 kl. 20:00 aukás.	Sun 15/2 kl. 20:00 11.k	
Nýtt verk eftir Auði Övu Ólafsdóttur		
Taugar - Íslenski dansflokkurinn (Nýja sviðið)		
Fös 6/2 kl. 20:00	Sun 15/2 kl. 20:00	Fim 26/2 kl. 20:00
Framsýning		
Fim 12/2 kl. 20:00	Sun 22/2 kl. 20:00	
Tvö nýstárleg og óhefðbundin dansverk		

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Framsækin Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefunnar, á ljósmynd Motola.

Valdar myndir Motola sýndar í sendiráði

Bresk-bandaríski ljósmyndarinn og pistlahöfundurinn Gabrielle Motola opnar í dag sýningu með völdum ljósmyndum úr verkefninu *Women of Iceland* í íslenska sendiráðinu í Lundúnum. Gabrielle er menntuð í kvikmyndagerð, ljósmyndun og sálfræði og hóf að vinna að verkefninu árið 2013 með það að markmiði að kynna nokkrum af fremstu hugsuðum hins íslenska nútímasamfél-

ags, skv. tilkynningu. Hún varpar ljósi á framsæknar hugmyndir tengdar menntun, viðskiptum, vísindum, listum, tónlist, tungumálum og þroska barna og meðal viðmælanda hennar frú Vigdís Finnbogadóttir, Margrét Frimannsdóttir, Liv Bergþórsdóttir, Steinunn Birna Ragnarsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir. Verkefnið er nú á loka-stigi.

